Fréttabréf - Nóvember 2023

# UPPBYGGING

## Vinna með sleikipinnaheilann

Sleikipinnaheilann notum við til að útskýra fyrir nemendum hvernig heilinn virkar, hvernig við hugsum og bregðumst við áreiti. Í Uppbyggingarstefnunni viljum við kenna nemendum að læra að stjórna viðbrögðum sínum við áreiti, að við sláum t.d. ekki til baka ef einhver áreitir okkur heldur stjórnum við viðbrögðum okkar og athöfnum.

## Verkefni í nóvember

- Sleikipinnaheilinn
- Bekkjarfundir

## Gagnlegir tenglar

Instagram
uppbygging_sjalfsaga

Heimasíða Uppeldi til ábyrgðar:
https://uppbygging.is/

Facebook
uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar

## Bekkjarfundir

Á bekkjarfundum eru rædd þau málefni sem snerta bekkinn og starfið innan hans. Markmiðið með fundunum er að skapa vettvang fyrir bekkinn og kennara til að ræða saman, setja sér samskiptareglur og hjálpast að við að leysa þau mál sem upp koma. Umsjónarkennari stjórnar fundum og notar ákveðnar fundarreglur.